

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 8. tbl. 13. árg. október 2019

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Þróun náms og starfs fyrir menntun fyrir alla

Í vetur stendur yfir umfangsmikil starfsþróun hjá starfsfólki Grunnskólans undir leiðsögn kennara frá Háskóla Íslands. Markmiðið með starfsþróuninni er að efla starfsfólk í að koma til móts við alla nemendur og bregðast við ólíkum þörfum þeirra. Að starfsfólk skoði eigið starf og greini þarfir í starfsumhverfinu sem það vill bregðast við eða þróa út frá hugmyndafræðinni um menntun fyrir alla og nýti eigin auðlindir og jafnvel auðlindir samstarfsfólks til þess. Grunnhugmyndin er að starfsfólk geri rannsókn á eigin starfi en í því felst m.a. að;

- starfsfólk skoðar eigið starf /starfshætti með gagnrýnum augun og með hugmyndafræði skóla margbreytileikans í huga
- starfsfólk móti sér hugmynd um hvaða hluta starfsins það vill rannsaka betur og vinna meira með.
- starfsfólk skoðar þann hluta og mótar hugmynd að því hverju það vill breyta
- starfsfólk vinnur með þær breytingar og metur í lokin hvernig tókst til.




Formlega hófst starfsþróunin í ágúst og mun standa fram í mars en vonandi þó lengur því meginmarkmið þessarar starfsþróunar er að þjálfa starfsfólk í að bregðast við ólíkum viðfangsefnum og verkefnum alla ævi og gera starfsþróun að hluta af starfinu alla starfsævina.

Hugsanlega og vonandi verða foreldrar og nemendur eitthvað varir við þessa vinnu og biðjum við þá að vera með opinn huga gagnvart starfsþróuninni.

Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember

Í tengslum við baráttudag gegn einelti 8. nóvember verður kærleiksdagur í skólanum þar sem áhersla verður lögð á kærleika og vinsemd í samskiptum. Einelti skapast vegna neikvæðra og slæmra samskipta og því vilja nemendur og starfsmenn skólans leggja áherslu og góð, jákvæð og uppbyggilega samskipti svo einelti fái ekki liðist í skólanum.



Hafnarhittingur 13. nóvember

Stefnt er að fyrsta Hafnarhittingi vetrarins 13. nóvember næstkomandi. Að þessu sinni verður Hafnarhittingurinn í Vöruhúsinu en þar er framkvæmdum á miðhæðinni að ljúka.

Að þessu sinni verður Hafnarhittingurinn í samstarfi við Framhaldsskólann, Vöruhúsið, Þrykkjuna og Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu. Dagskráin verður fjölbreytt að vanda og við hvetjum alla til að koma í heimsókn, taka þátt, skoða húsið og eða bara fá sér kaffisopa hjá okkur.

Sýna sig og sjá aðra 😊

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Dagur íslenskrar tungu lendir að þessu sinni á laugardegi en samt sem áður munum við gera ýmislegt í tilefni dagsins og mun sú dagskrá eiga sér stað dagana á undan eða eftir.

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að standa vörð um íslenska tungu. Ljóst er að sífellt stærri hluti ungs fólks talar ensku í samskiptum sín á milli jafnvel þó það sé alíslenskt. Rannsóknir sýna að veruleg hætta er á að þessir einstaklingar séu með slakan orðaforða á íslensku og hafi þar af leiðandi líka fyrst of fremst yfirborðspekkingu á enskri tungu. Hvor tveggja mun torvelda þeim nám og samskipti í framtíðinni, bæði á íslensku og ensku. Það er nauðsynlegt að hafa góðan hugtakaskilning á einu tungumáli (sem er langoftast móðurmálið) til að geta lært önnur tungumál til hlýtar. Tungumál og góður hugtakaskilningur er forsenda djúprar og skapandi hugsunar og lausnamiðaðra samskipta. Það er fólk með slíka hæfileika sem flestir vilja fá í vinnu til sín og yfirleitt að hafa í kringum sig. Leggjum því rækt við íslenska tungu og notum öll fallegu og fjölbreyttu orðin okkar óspart og kennum um leið börnunum og öðrum góða íslensku.



Viðtalsdagur og annaskil í skólanum

Föstudaginn 15. nóvember er viðtalsdagur í skólanum þar sem foreldrar mæta með börnum sínum í viðtal til umsjónarkennara. Mánudaginn 18. nóvember er skipulagsdagur í skólanum og því frí hjá nemendum en ný önn hefst þriðjudaginn 19. nóvember.

Skólaþing

Í tilefni af 40 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verður Skólaþing í skólanum miðvikudaginn 20. nóvember. Þá munu allir nemendur koma að vinnu um það hvernig þeir geta haft áhrif á skólann, samfélagið og heiminn. Skólaþingið er liður í því að þjálfar nemendur í lýðræðislegri hugsun og að nýta lýðræðislega réttindi sín og að ýta undir að rödd þeirra heyrir.



Matseðill í nóvember

- 04. nóv. Steiktur fiskur, soðnar kartöflur, brætt smjör
- 05. nóv. Tortilla, burritos hakk, nachos meðlæti
- 06. nóv. Fiskibollur, soðnar kartöflur, laukfeiti
- 07. nóv. Svikinn héri, kartöflumús, brún sósa, grænar baunir
- 08. nóv. Íslensk kjötsúpa

- 11. nóv. Soðinn þorskur, soðnar kartöflur, brætt smjör, rúgbrauð m/smjöri
- 12. nóv. Kjúklingapottréttur, nanbrauð, maísbaunir
- 13. nóv. Soðin bleikja, soðnar kartöflur, brætt smjör
- 14. nóv. Skólabjúgu, soðnar kartöflur, grænar baunir, jafningur
- 15. nóv. **Viðtalsdagur**

- 18. nóv. **Skipulagsdagur**
- 19. nóv. Lasagne, hvítlauksbrauð
- 20. nóv. Steiktur fiskur, rúgbrauð m/smjöri
- 21. nóv. Lambaframpartur m/hrísgrjónum og karrýsósu
- 22. nóv. Mexíkósúpa m/nachos og sýrðum rjóma

- 25. nóv. Soðinn þorskur, soðnar kartöflur, brætt smjör
- 26. nóv. Kjúklingasnitsetl, steiktar kartöflur
- 27. nóv. Fiskibuff, soðnar kartöflur, karrýsósa
- 28. nóv. Grísasteik, steiktar kartöflur, sinnepsrjómasósa
- 29. nóv. Hrísgjónagrautur, brauð m/kjúklingaáleggi, m/tómat og gúrku



Nú er tími endurskinsmerkjanna að renna upp

Sjáumst í vetur